

FÁLKASKÁTAMÓT 2025

Fréttabréf 3



Kæru skátar og skátavinir,

Nú styttest óðfluga í Fálkaskátamót og við erum orðin mjög spennt að taka á móti ykkur á Þingvöllum. Þetta er síðasta fréttabréfið fyrir mótið þar sem við munum fara yfir hagnýtar upplýsingar sem gott er að hafa í huga áður en þið mætið á svæðið.

Mæting á svæðið

Mótið byrjar fimmtudaginn, 7. ágúst. Mæting er við [Syðri leirar tjaldsvæðið](#) (kort af svæðinu má sjá á glærukynningu frá fararstjórafundum). Mæting byrjar upp úr 15:30 en félögum er frjálst að mæta eftir það. Gert er ráð fyrir kvöldmat um 18:00 og svo er setning kl. 20:00. Félögum stendur til boða að mæta daginn áður til að setja upp tjaldbúðina og þau sem þurfa geta gist frá miðvikudegi til fimmtudags á tjaldsvæðinu.

Ættir

Búið er að raða öllum félögum niður í ættir - þeim hóp sem þið deilið tjaldbúð með á mótinu. Einnig er búið að gera hópsþjall fyrir hverja ætt inn á Abler þar sem þið getið undirbúið ykkur í sameiningu fyrir mótið, talað ykkur saman um búnað o.s.frv.

Auk þess að deila tjaldbúð munu ættirnar einnig fara saman í dagskrá, en á fararstjórafundinum var farið nánar yfir hlutverk ættana og aðrar hagnýtar upplýsingar fyrir mótið. Ef þið misstuð af honum er hægt að nálgast glærukynninguna, ásamt öllum fréttabréfunum, á [viðburðasíðu mótsins](#).

Þrír foringjar úr hverri ætt þurfa að fylgja þátttakendum í dagskrá.

Haukdælingjar	Sturlungar
- Hraunbúar	- Kópar
- Strókur	- Vífill
- Akranes	- Skjöldungar
Oddverjar	Ásbirningar
- Fossbúar	- Farfuglar
- Mosverjar	- Garðbúar
- Landnemar	- Stígandi
- Svanir	- Heiðabúar

Matseðill

Hér má sjá matseðil mótsins. Hann er einfaldur svo að fálkaskátarnir geti eldað matinn sjálf með aðstoð foringja. Við mælum með að þið gerið eldhúsvaktarplan og skiptið máltíðunum upp milli flokkana.



	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
Morgunmatur	Fyrir staff	Hafragrautur	Hafragrautur	Hafragrautur
Hádegismatur	Fyrir staff	Tómat pylsupasta	Pítur	Pylsur sem sjálfbóðaliðar grilla
Kaffitími	Ávextir	Brauð og ávextir	Brauð og ávextir	
Kvöldmatur	Grillaðar samlokur og grænmeti	Kjötsúpa/grænmetissúpa	Hamborgarar	
Kvöldkaffi	Kex og Kakó	Kex og kakó	Kex og kakó	

Hádegismaturinn á sunnudeginum skiptist í 4 holl, eitt fyrir hverja ætt, til að minnka biðtíma og auðvelda sjálfbóðaliðum að bera fram matinn. 11:30 - Haukdælingjar, 11:45 - Oddverjar, 12:00 - Sturlungar og 12:15 - Ásbirningar

Matarúthlutun fer fram í bækistöðvum mótsins, á bak við klósetthúsið. Nánari upplýsingar um hana koma fram á fyrsta fararstjórafundinum.

Búnaður

Varðandi eldhúsbúnað mælum við með að hver ætt komi með gashellur, vatnsdunka, tvo stóra potta, muuriku eða annarskonar pönnur, o.fl. svo hægt sé að elda ofan í alla ættina í einu. Gott er að hafa kerru meðferðis fyrir matarúthlutunina og eldskál til að kveikja varðeld á ættarþingunum. Einnig þurfa ættirnar að ráðstafa uppvöskunar- og flokkunaraðstöðu. Sorpflokkuninn skiptist í plast, pappír og almennt og það eru ruslagámar á tjaldsvæðinu. Það er aðgangur að vatni í klósetthúsinu. Við minnum á að ekki verður aðgangur að rafmagni á tjaldsvæði þátttakenda.

Úbúnaðarlisti þátttakenda fyrir mótið er aðgengilegur á [viðburðasíðu mótsins](#).

Fararstjórafundir

Á hverjum degi verða fararstjórafundir kl. 16:30 í bækistöðvum mótsins sem staðsettar eru á bak við klósetthúsið. Þá þarf einn fararstjóri frá hverju félagi að mæta.

Ættarþing

Tækifæri fyrir ættirnar að koma saman og kynnast betur og styrkja liðsandann. Útfærslan er frjáls, getur verið eins og kvöldvaka. Á seinna þinginu er hugmyndin að flokkarnir frumflytji skemmtiatriðin sín og svo kýs ættin, á lýðræðislegan hátt, eitt skemmtiatriði sem verður flutt á menningarvökunni á sunnudeginum.

Lyf

Sé þörf á að setja lyf í kæli yfir mótið er hægt að gera það í matartjaldi mótstjórnar. Foringjar sjá um utanumhald lyfja þátttakenda.

Kyrrð



Ættirnar skiptast á að sjá um kyrrð á mótinu. Í því felst að rölta um allar tjaldbúðirnar og sjá til þess að þátttakendurnir séu að virða kyrrðina. Mótsjórn sér um kyrrð á fimmtudeginum. Haukdælingjar og Oddverjar sjá um kyrrð á föstudagskvöldinu og Sturlungar og Ásbirningar á laugardagskvöldinu. Kyrrð er kl. 23:00 öll kvöld.

Mótsbækur

Það verða útprentaðar mótsbækur á mótinu fyrir foringja og þátttakendur. Rafræn útgáfa er aðgengileg á [viðburðasíðu mótsins](#). Við mælum með að koma með litla plastpoka til að geyma mótsbækurnar í og að foringjarnir geymi mótsbækurnar fyrir þátttakendur á milli dagskráliða. Í lok hvers dagskráliðs fá þátttakendur límmiða í mótsbókina frá sjálfboðaliða mótsins.

Sjálfboðaliðar

Það gæti komið til þess að við þurfum auka mannskap í næturleikinn á fimmtudeginum og aðra dagskráliði mótsins. Því væri gott að vita ef þið eruð með foringja til aflögu sem við getum fengið til að aðstoða með dagskránnu.

Að lokum viljum við hvetja ykkur til að auglýsa eftir sjálfboðaliðum innan ykkar félaga. Ekki er gerð krafa um að þeir séu allt mótið og það kostar ekkert fyrir þá að mæta. Sjálfboðaliðaskráning er opin á [Ablar](#).

Ef upp vakna fleiri spurningar varðandi mótið er hægt að senda póst á falkaskatamot2025@skatarnir.is

Með skátakveðju, Mótsstjórn.